

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Reyðarfirði



<b>Dags eftirlits</b>	16.10.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Borgartún 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5902691749	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Aðalsteinn Árnason	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	725312,177 512055,178

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst við eftirlit en þar sem brugist var við og gert við þróarvegginn, þá verður engin eftirfylgni út af því. Engin athugasemd er gerð við olúbirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Einungis bensín er geymt í stöð Skeljungs hf. á Reyðarfirði. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi geymar með föstu þaki í olúbirgðastöðvum undanþegnr ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað. Stöðin á Reyðarfirði hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók fyrir stöðina, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar reyndust í lagi.

Einn geymir er í stöðinni. Bensíngeymir sem botnþykktarmældur var árið 2008.

Bensínlögn á bryggju var þrýstiprófuð árið 2010. Afgreiðslulögnin var þrýstiprófuð 2014 og stóðst prófunina. Afgreiðslulögn liggur að dæluhúsi og gengur tvisvar í gegnum þróarvegg. Tjöruborði er límdur utan á lögnina. Lögnin var þrýstiprófuð á árinu og hefur stofnunin samþykkt hana til áframhaldandi notkunar.

Farið var í skoðun á olúbirgðastöðinni. Geymir skoðaður svo og þró. Þróin er ekki með niðurfalli og því er undantöppun í lokuðu kerfi. Við skoðun á þrónni fannst afsagað rör á þróarbotni sem liggur inn í þróarvegginn. Skoðast þetta sem gat á þróarvegg og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Nýtt áfyllingarplan er í stöðinni og frárennsli af því fer í nýja olúskilju. Krafa í starfsleyfi er um mælingu á olúleifum (bensínleifum) í fráveituvatni stöðvarinnar á þriggja ára fresti. Macherey-Nagel próf var gert á afrennsli olúskiljunnar og mældist ekki olú (bensín) í afrennslinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd er gerð við olúbirgðastöðina.

## ANNAÐ

Rekstraðili hefur sent myndir (29.12.2014) sem sýna að þróarveggur hefur verið lagfærður. Engin eftirmál verða því út af þessu.

Reykjavík, 17.12.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.